



## Skjal 2a/2018

DRÖG

**Þingsköp á þemaþingi 2018****Umræða um málefni líðandi stundar**

Forsætisnefndin leggur til

*að fulltrúar ríkisstjórna hafi 5 mínútur til framsöguræðu**að talsmenn flokkahópanna hafi 2 mínútur til framsöguræðu**að talsmenn forsætisnefndar og fagnefnda hafi 2 mínútur til framsöguræðu**að fulltrúar ríkisstjórna, talsmenn flokkahópa og talsmenn forsætisnefndar og fagnefnda flytji mál sitt úr ræðustólnum**að leyfð verði andsvör við öllum ræðum**að sá sem andsvarinu er beint til fái tækifæri til að svara**að þingmenn og fulltrúar ríkisstjórna fái tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta**að hvert andsvar + svar við andsvari sé ekki lengra en 1 mínúta***Málfrelsi þingmanna og fulltrúa ríkisstjórna undir öðrum dagskrárliðum**

Forsætisnefndin leggur til

*að þingmönnum Norðurlandaráðs verði veittar 3 mínútur til að kynna tillögur og nefndarálit. Önnur framlög í umræðu takmarkist við 2 mínútur.**að fulltrúum ríkisstjórna verði veittar 5 mínútur til að kynna tillögur sínar. Önnur framlög í umræðu takmarkist við 2 mínútur.**að forsetinn sjái til þess að talsmönnum flokkahópa verði ef kostur er veittur ræðutími í samræmi við stærð hópanna*



### **Stuttar athugasemdir/andsvör undir öðrum dagskrárliðum**

Forsætisnefndin leggur til

*að leyfð verði andsvör við öllum ræðum*

*að sá sem andsvarinu er beint til fái tækifæri til að svara*

*að sami ráðsfulltrúi eða ráðherra fái í mesta lagi tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta*

*að hvert andsvar + svar við andsvari sé ekki lengra en 1 mínúta*

### **Heimild til að ljúka umræðu**

Forsætisnefndin leggur til

*að allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður er*

*að forseta sé heimilt að ljúka umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn þótt mælendaskrá sé ekki tæmd*

### **Sætaskipan í salnum**

Forsætisnefndin leggur til

*að fulltrúar í Norðurlandaráði sitji með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitji ef kostur er vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin við ræðustól*

### **Atkvæðagreiðsla**

Öll atkvæðagreiðsla fer fram með rafeindabúnaði ef kostur er. Sé sá búnaður ekki fyrir hendi er notast við skriflega atkvæðaseðla.

### **Fundargerð**

Forsætisnefndin leggur til

*að færð sé ákvarðanafundargerð á þinginu, samin samantekt og varðveitt hljóðupptaka.*

Forsætisnefndin vísar að öðru leyti í starfsreglur Norðurlandaráðs.